



## Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 3/2016.  
Dagsetning og tími: 9. mars 2016, kl. 12.  
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 10. febrúar 2016.
2. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – endursendar tilkynningar um fasteignamat.
3. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – afrit fundargerða byggingarfulltrúa í Reykjavík.
4. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – Íslykill, endursend bréf.
5. Tilkynning Viðlagatryggingar á rafrænum gagnagrunni, C5 bókhaldskerfi, dags. 18. febrúar 2016 – ákvörðun um grisjun.
6. Tilkynning Viðlagatryggingar á rafrænum gagnagrunni, FTP, dags. 18. febrúar 2016 – ákvörðun um grisjun.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

### **1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 10. febrúar 2016.**

Fundargerð grisjunarráðs dags. 13. janúar 2016 samþykkt og undirrituð.

### **2. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – endursendar tilkynningar um fasteignamat (málsnr. 1602012).**

Beiðnin var samþykkt. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða umbeðnum endursendum tilkynningum fasteignamats.

### **3. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – afrit fundargerða byggingarfulltrúa í Reykjavík (málsnr. 1602008).**

Beiðnin var samþykkt. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða umbeðnum afritum fundargerða afgreiðslufunda byggingarfulltrúa og fundargerðum skipulags- og byggingarfulltrúa.



**4. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 9. febrúar 2016 – Íslykill, endursend bréf (málsnr. 1602013).**

Beiðnin var samþykkt. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða umbeðnum endursendum bréfum sem innihalda upplýsingar um Íslykil.

**5. Tilkynning Viðlagatryggingar á rafrænum gagnagrunni, C5 bókhaldskerfi, dags. 18. febrúar 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1602020).**

Ákveðið að fresta afgreiðslu og óska eftir nánari upplýsingum um hvernig skráningar í aðalbók eru varðveittar.

**6. Tilkynning Viðlagatryggingar á rafrænum gagnagrunni, FTP, dags. 18. febrúar 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1602022).**

Ekki er gerð krafa um að afhenda rafræn gögn í formi vörsluútgáfu. Gögnin í gagnagrunninum hafa tímabundið gildi. Samþykkt að heimila grisjun á gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi er lokið. Eyða skal gögnum úr kerfinu á viðurkenndan hátt.

Fundi slitið kl. 13.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)